Nr. 445 24. mars 2011

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit.**

1. gr.

Í stað 1. málsliðar 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða komi eftirfarandi setning:

Heimilt er að nota hópbifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni, sem skráð hefur verið hér á landi fyrir 10-17 manns að ökumanni meðtöldum, þó hún sé ekki búin ökurita samkvæmt reglugerð þessari, hafi skráning farið fram fyrir 1. júlí 2011.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 44. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 24. mars 2011.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2011